



Jafnlaunastefna Fiskkaupa hf.

Jafnlaunastefna Fiskkaupa hf. (kt. 620982-0209) er órjúfanlegur hluti af launastefnu og gildir fyrir alla starfsmenn félagsins. Jafnlaunastefnan skal uppfylla viðeigandi viðmið um jafnlaunastefnur í samræmi við ÍST 85:2012, kafla 4.2. Fiskkaup fylgir ákvæðum laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og kveður á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsfólki þau réttindi sem koma fram í 6. gr. laganna.

Fiskkaup greiðir laun sem taka mið af þeim kröfum sem starfið gerir um menntun/þekkingu, hæfni og ábyrgð. Það er stefna Fiskkaupa að allir starfsmenn njóti jafnra launa og sömu kjara og réttinda fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn kynbundinn launamunur sé til staðar hjá félaginu. Um skilgreiningu á launum og kjörum vísast til 9. og 10. mgr. 2. gr. fyrrnefndra laga. Fiskkaup fylgir öllum viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma. Launaákvæðanir skulu vera gegnsæjar, málefnalegar og vel rökstuddar.

Til að framfylgja jafnlaunastefnunni skuldbindur Fiskkaup sig til að skjalfesta, innleiða, viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfisins í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST85:2012 og ákvarða hvernig kröfur hans verða uppfylltar. Fiskkaup hefur innleitt verklag og skilgreint viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess óháð kyni, kynvitund eða öðrum ómálefnalegum ástæðum.

Umsjónarmaður jafnlaunakerfisins ber ábyrgð á jafnlaunakerfi Fiskkaupa og sér til þess að kerfið sé skjalfest, innleitt og stöðugt uppfært. Allir stjórnendur eru skuldbundnir til að viðhalda stöðugum umbótum, eftirliti og bregðast við óútskýrðum launamun og þeim frábrigðum sem koma fram við rýni á jafnlaunakerfinu.

Jafnlaunastefna var samþykkt af framkvæmdastjóra þann 4.3.2024